

Mál nr. 133/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar

Slys þegar reiðhjól og gangandi vegfarandi rákust saman á gangstétt
í Þverholti Mosfellsbæ þann 08.09. 2005

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.07. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Tildrög slyssins voru þau að 11 ára sonur vátryggingartaka (S) hjólaði á reiðhjóli sínu eftir gangstétt og lenti í samstuði við gangandi vegfaranda (tjónþolann M), þegar hann gekk fyrir blindhorn út á gangstéttina.

Vátryggingafélagið telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi S. Aðilum ber ekki saman um hraða reiðhjólsins. M telur að S hafi hjólað á mikilli ferð en tilgreinir þó að hann hafi aðeins séð hann í snjónhendingu. S kveðst hins vegar "ekki hafa hjólað neitt voðalega hratt". Um blindhorn var að ræða og hvorugur aðila virðist hafa átt þess kost að sjá til ferða hins fyrr en slysið varð. Báðum aðilum hafi verið heimil för um gangstéttina. Félagið telur ósannað að S hafi hjólað of hratt m.v. aðstæður. Hann hafi ekki getað vikið fyrir M. Hann hafi ekki hjólað með þeim hætti að það hafi valdið "gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum" sbr. 4. mgr. 39. gr. umferðarlaga. Félagið telur að M beri að sýna fram á að skilyrði skaðabótarréttar um saknæma háttsemi tjónvalds sé fyrir hendi, en við sakarmatið verði ekki gerðar sömu kröfur til aðgæslu af hálfu 11 ára barns og fullorðinna. Telur félagið ekkert hafa fram komið um að S hafi hjólað óvarlega m.v. aðstæður og við megi búast af honum í ljósi aldurs. Félagið telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða og jafnframt aðgæsluleysi M sjálfs. Honum hafi í ljósi aðstæðna borið að sýna aðgæslu gagnvart annarri umferð um gangstéttina enda megi gagnandi vegfarendur jafnan gera ráð fyrir umferð m.a. reiðhjóla og hlaupara á gagnstéttum, ekki síst í íbúðarbyggð. Beri því að hafna greiðsluskyldu.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann vísar til 4. mgr. 39. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur: "Heimilt er að hjóla á gangstétt og gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum". Hann telur að gangandi vegfarandi njóti "að fullu forgangs á gangstétt gagnvart reiðhjólum samkvæmt umferðarlögum sbr. nánar umfjöllun fyrirliggjandi gagna, sem óþarft er að geta í þessari umfjöllun.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Hér var um óhappatilvik að ræða sem S ber ekki skaðabótaábyrgð á. Óhappið mun hafa orðið í framhaldi af því að M gekk fram fyrir blindhorn. Honum bar að gæta aðgæslu í umrætt sinn. Ekki er unnt að draga þá ályktun út frá gögnum málsins að S hafi hjólað of hratt miðað við aðstæður.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á stofnun bótaábyrgðar í máli þessu.

Reykjavík 15. ágúst 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.